

**M-92/2017. Álit 7. júní 2018.**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 7. júní 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-92/2017.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 3. desember 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðgerðar á farsíma af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir farsímamann hafa verið haldinn galla og átt að vera í ábyrgð. Krefst álitsbeiðandi þess að honum verði endurgreitt gjald sem honum var gert að greiða til seljanda að fjárhæð 5.950 krónur.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 6. desember 2017 var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 1. júní 2018, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi festi kaup af farsíma af gerðinni iPhone 6s hjá Símanum hf. þann 12. ágúst árið 2016. Nokkru síðar bilaði farsíminn sem lýsti sér þannig að síminn slökkti á sér og ekki var unnt að kveikja á honum aftur. Álitsbeiðandi leitaði til söluaðilans, Símans hf. vegna bilunarinnar, en söluaðilinn benti álitsbeiðanda á að fara með farsímamann til seljanda þar sem seljandi væri þjónustuaðili fyrir Apple vörur og sæi um ábyrgðarmál. Síðar sótti sonur álitsbeiðanda farsímamann úr viðgerð til seljanda og var krafinn um greiðslu að fjárhæð 5.950 krónur fyrir vinnu við stýrikerfi farsímans. Að sögn álitsbeiðanda hélt seljandi því fram að IOS stýrikerfi farsímans væri ekki í ábyrgð frá framleiðanda heldur aðeins íhlutir farsímans. Álitsbeiðandi segir að þar sem farsíminn sé enn í ábyrgð þá hljóti stýrikerfi símans sem fylgir með honum að vera líka í ábyrgð. Álitsbeiðandi tekur fram að bilun farsímans hafi ekki verið vegna meðferðar á farsímanum heldur eingöngu vegna bilunar sem eigandi hefði ekki getað komið í veg fyrir.

Álitsbeiðandi krefst þess að fá endurgreiddar þær 5.950 krónur sem greiddar voru fyrir viðgerðina.

### **IV**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi farsíma af gerðinni iPhone 6s af Símanum hf. þann 12. ágúst árið 2016. Rúmlega ári síðar bilaði stýrikerfi farsímans og fór álitsbeiðandi því með farsímamann í viðgerð hjá seljanda, sem er þjónustuaðili Apple á Íslandi.

Seljandi krafðist greiðslu að fjárhæð 5.950 krónur fyrir viðgerðina en álitsbeiðandi krefst endurgreiðslu á þeirri fjárhæð fyrir kærunefndinni á þeim grundvelli að farsíminn sé enn í ábyrgð og því hafi honum ekki borið að greiða fyrir viðgerðina.

Undir meðferð málsins hjá kærunefndinni var álitsbeiðanda bent á það, þann 14. mars 2018, að beina kröfum sínum að söluaðila farsímans, Z, þar sem lög nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) gilda um viðskipti þeirra, þar á meðal ákvæði 2. mgr. 27. gr. laganna um frest neytanda til að leggja fram kvörtun við seljanda vegna galla í söluhlut. Álitsbeiðandi svaraði ekki ábendingum kærunefndarinnar.

Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. nkpl. gildir tveggja ára tilkynningarfrestur vegna galla á söluhlut og fimm ára frestur ef söluhlut er ætlaður verulega lengri endingartími. Ef stýrikerfi farsímans var raunverulega haldið galla tilkynnti álitsbeiðandi því um gallann innan þess frests sem lögin kveða á um. Stýrikerfi farsímans ætti ekki að vera undanskilið ábyrgð framleiðanda vegna galla þar sem farsíminn og stýrikerfi hans eru órjúfanleg heild sem ekki starfar eðlilega án þess að hvoru tveggja sé í lagi.

Um viðskipti álitsbeiðanda og seljanda gilda hins vegar ekki lög um neytendakaup heldur lög nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) líkt og áður segir. Ákvæði 9. gr. þkpl. mælir fyrir um galla á seldri þjónustu og lögin mæla fyrir um þau úrræði sem neytandi getur gripið til ef seld þjónusta er haldin galla. Mál þetta varðar hins vegar ekki galla á þjónustu seljanda heldur galla á söluhlutnum sjálfum, sem seldur var af Símanum hf.

Í ljósi framangreinds getur kærunefndin ekki fallist á kröfu álitsbeiðanda gegn seljanda.

## V

### Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson